


Reykjavíkurborg
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs
Ráðhúsinu
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. mars 2009
Tilvísun: UST20090100177/ksj

Víðidalur - tillaga að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis hestamannafélagsins Fáks

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Reykjavíkur er barst 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breyttu deiliskipulagi í Víðidal suðurhluta, athafnasvæði hestamanna.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis hestamanna í Víðidal sem er alls 8,05 ha.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna

Náttúruminjar

Tillaga að breyttu deiliskipulagi nær inn á svæði nr. 24 á náttúruminjaskrá og í skránni segir: „*Ellíðaárdalur, Reykjavík, Kópavogi. Vatnasvið Elliðaár í Elliðaárdal, frá upptökum allt til ósa. Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.*“ Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að svæði á náttúruminjaskrá er hvorki merkt á kort er fylgja erindinu né er þess getið í greinargerð með tillögu að breyttu deiliskipulagi. Að mati Umhverfisstofnunar er samkvæmt breytingartillögunni gert ráð fyrir framkvæmdum of nálægt Elliðaánum. Umhverfisstofnun telur að þar sem árnar og vatnasvið þeirra er á náttúruminjaskrá ætti ekki að gera ráð fyrir framkvæmdum þar með talið jarðvegsmönnum og flóðavörnum, nær árbakka en 100 m. Ljóst er að Elliðaárnar og umhverfi þeirra er mikilvægt útivistarsvæði fyrir höfuðborgarbúa. Umhverfisstofnun bendir á að hesthúsahverfi getur haft lyktarmengun í för með sér sem gæti haft neikvæð áhrif á náttúruupplifun veiðimanna og annarra er sækja útivistarsvæðiði umhverfis Elliðaárnar.

Náttúrufar

Í kaflanum um náttúrufar kemur fram að það er forsenda fyrir breyttu deiliskipulagi svæðisins að hverfið verði varið fyrir flóðum sem geta orðið þegar Elliðaár eru í klakaböndum. Umhverfisstofnun telur einnig mjög mikilvægt að flóðavatn af svæði hestamanna komist ekki út í Elliðaárnar. Umhverfisstofnun telur að meiri upplýsingar þurfi að liggja fyrir um manir sem ráðgerðar eru umhverfis væntanlega hesthúsabyggð. Væntanlegar manir eru sýndar á afstöðumynd og sneiðingu á uppdrætti í mælikvarða í 1:1000. Skurður í stærri mælikvarða og

lýsing gæfi betri mynd af áætluðum framkvæmdum.

Losun taðs og mengunarvarnir

Fram kemur í umfjöllun um taðþrær og mengunarvarnir að allt sigvatn frá taðþróum og hesthúsum skuli leitt um felligildru í frárennsli. Umhverfisstofnun telur að greina þurfi betur frá virkni slíkra felligildra. Umhverfisstofnun telur afar mikilvægt að hvorki frárennsli né ofanvatni af hesthúsasvæðinu fari í Elliðaáarnar heldur verði það leitt í fráveitu Reykjavíkur.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur umrædda breytingu á athafnasvæði hestamannafélagsins Fáks gera ráð fyrir raski og framkvæmdum of nærri viðkvæmri laxveiðiá á náttúruminjaskrá. Ef til framkvæmda kemur telur Umhverfisstofnun mikilvægt að framkvæmdir verði í a.m.k. 100 metra fjarlægð frá Elliðaánum og að þess verði gætt að allt frárennsli frá svæðinu verði leitt í fráveitukerfi höfuðborgarsvæðisins. Umhverfisstofnun telur að vegna lyktarmengunar geti hesthúsabyggð haft neikvæð áhrif á útivistarmöguleika annarra á svæðinu.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun